

Viðbrögð við einelti – Verklagsreglur

Hjá Brúarskóla er einelti í hvaða mynd sem það birtist ekki liðið. Við viljum vera virk í að hindra einelti á vinnustaðnum og bregðast skjótt við ef einelti á sér stað

Skilgreiningar, lagaákvæði og stefna Reykjavíkurborgar

Í [mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar](#) segir „Löggð er áhersla á sameiginlega ábyrgð við að skapa og viðhalda starfsumhverfi sem einkennist af virðingu, trausti og fagmannlegu viðmóti. Áreitni og einelti er ekki liðið á vinnustöðum borgarinnar.“ Einelti er skilgreint í [stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum](#) á eftirfarandi hátt:

“Einelti er endurtekin ótilhlýðileg háttsemi sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður svo sem með því að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir. Almennt gildir að til að hegðun teljist einelti þarf mynstur endurtekinnar, lítillækkandi eða neikvæðrar hegðunar og þróunar samskipta að vera til staðar og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Um einelti getur verið að ræða hvort sem það er ásetningur geranda eður ei.”

Í [reglugerð nr. 1009/2015](#) er einelti skilgreint á sama hátt og þar kemur fram í 8. grein að „starfsmönnum er óheimilt að leggja annan starfsmann eða aðra starfsmenn sem og hlutaðeigandi atvinnurekanda í einelti á vinnustað. Starfsmönnum er jafnframt óheimilt að áreita annan starfsmann eða aðra starfsmenn sem og hlutaðeigandi atvinnurekanda kynferðislega sem og á grundvelli kyns eða beita þá ofbeldi á vinnustað.“ Þá er kveðið á um tillynningarskyldu starfsmanna, en “starfsmaður sem telur sig hafa orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi á vinnustað eða hafa rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustað skal upplýsa atvinnurekanda eða vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins um það”.

Stefna Brúarskóla.

Brúarskóli vill stuðla að umhverfi sem tryggir öryggi og vellíðan starfsfólks við vinnu og að starfsmenn fái nauðsynlegan stuðning við krefjandi störf.

Fyrirbyggjandi aðgerðir.

Í Brúarskóla er starfandi eineltisteymi sem samanstendur af skólastjóra, öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni.

Til að fyrirbyggja einelti leggur Brúarskóli áherslu á að:

- Tekið er á ágreiningi
- Umgengis-og siðareglur séu vel kynntar (leiðarljós skólans í samskiptum)
- Afmörkun á ábyrgð starfsmanna og því sem vænst er af þeim sé skýr
- Starfsmenn fái stuðning, umboð og hvatningu.
- Markviss viðleitni til að byggja upp gott starfsumhverfi sé til staðar.
- Líðan starfsmanna er könnuð reglulega (t.d. með starfsmannaviðtölum og vinnustaðagreiningu)

XXXXXX

Einelti eða grunur um einelti – viðbrögð

Ef starfsmaður verður fyrir eða hefur vitneskju um mál sem hann upplifir sem einelti skal hann snúa sér til yfirmanns eða vinnuverndarfulltrúa, sem getur verið öryggistrúnaðarmaður eða öryggisvörður.

Sá sem leitað er til skal bregðast við eins fljótt og hægt er. Meta skal aðstæður og leitast við að vinna úr og leysa málið í samvinnu við viðkomandi starfsmann og stjórnendur/eineltisteymi ef hægt er.

Ef málið er þess eðlis að ekki er hægt að leysa það í Brúarskóla er hægt að leita til [eineltisteymis á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar](#)

Greining og úrvinnsla mála.

Eineltisteymi skal leytast við að fá greinargóðar upplýsingar frá viðkomandi starfsmanni og skulu næstu skref metin út frá því. Þau gætu verið:

- Byrja á að tala við þann sem hefur verið áreittur og næstu skref ákveðin í samráði við hann. Í framhaldi af því getur verið æskilegt að ræða við samstarfsmenn eða önnur vitni sem geta staðfest frásögn hins áreitta.
- Afla þarf nákvæmra upplýsinga um hvar, hvenær og hvernig eineltið hefur átt sér stað. Athuga þarf hvort þolandi er með einhverjar tillögur varðandi úrvinnslu málsins. Mögulegt er að bjóða þolanda stuðning svo að hann sjálfur geti sett mörk t.d. með aðkomu sérfræðings eða stuðnings-og ráðgjafateymis starfsmanna.
- Ef þörf er á að tala við meintan geranda og þolandi samþykkir það, þarf e.t.v að ráðfæra sig við sérfræðing (t.d. fulltrúa á Menntasviði). Athuga þarf hvort meintur gerandi hafi sjálf/ur hugmyndir um rót vandans og tillögur til að bæta úr. Hann þarf þá að vera tilbúinn að fylgja þeim eftir. (Það er sjálfst talið æskilegt að halda sameiginlegan fund með þolanda og geranda en þó þarf að meta hvert mál fyrir sig.)
- Mikilvægt er að meta hvort að eineltið geti komið upp aftur eða birst á annan hátt. Almenn fræðsla og umfjöllun um samskipti á vinnustað getur verið æskileg. Það er nauðsynlegt að öllum starfsmönnum sé gerð grein fyrir ábyrgð sinni á eigin vinnuumhverfi, að viðhalda góðum starfsanda og að tilkynna ef brotið er á einverjum á vinnustað.
- Fylgja þarf öllum eineltismálum eftir, sjá hver staða er hjá þolanda og meta hvort að einelti hefur haldið áfram í einhverri mynd á vinnustaðnum.
- Ef ekki tekst að finna viðeigandi lausn og bæta aðstæður innan vinnustaðar getur starfsmaður snúið sér til Menntasviðs (Eineltisteymi), stéttarfélag síns eða Vinnueftirlits ríkisins(sjá vinnueftirlit.is)